



Frásögn af fundi Bjarna Benediktssonar og Páls Tryggvasonar fulltrúa.

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Utanríkisráðherra – Utanríkismál – Páll Tryggvason – Mr Moe – Mr Lawson - 1952

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnsmálamaðurinn
Askja 2-12, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

F r á s ö g n.

Þriðjudaginn 21. október 1952 óskaði Páll Tryggvason fulltrúi að tala við mig. Erindi hans var að ræða um fyrirhugaða för hans til Bandaríkjanna í boði Bandaríkjastjórnar. Sagði hann, að hann hefði átt tal við Mr. Moe í ameríska sendiráðinu og hefði Mr. Moe sagt honum, að Mr. Lawson hefði stöðvað málið eftir að ég ræddi við hann um það á dögnum, og fengi Páll því enga uplausn um ferð hjá þeim í bili.

Spurðist nú Páll fyrir um hvernig á þessari afstöðu Mr. Lawson mundi standa og vildi hefja umræður um málið við mig. Eg sagði honum, að eftir að ég átti tal við Mr. Lawson um málið á dögnum hefði ég skýrt Páli frá efni samtalsins vegna þess, að ég vildi ekki fara á bak við hann í málinu, þó að ég væri auðvitað ekki skyldugur til að standa honum reikningsskap í þessu máli.

Eftir þetta samtal, mitt og Mr. Lawson, um málið hefði ekkert er þýðingu hefði, farið í milli okkar um það. Eg vissi því ekkert hvernig staði á töfum á boðinu af hálfu Bandaríkjamanna. Það væri mér óviðkomandi með öllu. Vel gæti verið, að þeir hefðu áttá sig á vitleysu sinni, að bjóða starfsmanni utanríkisráðuneytisins án þess að bera það fyrst undir mig sem yfirmanns þess, þó að þeir leituðu til mín um ráð um boð til flestra eða allra annarra, en um

afstöðu þeirra væri ég sem sagt að möru leyti með öllu ókunnugt um, og teldi ég mjög rangt aðfarið af Páli Tryggvasyni að koma og krefja mig frásagnar um þessi efni, sem mér væri með öllu óviðkomandi og sleit þar með samtalinu.

Jafnskjótt kallaði ég á skrifstofustjóran og sagði honum, að ég kynni ekki við slíka framkomu af hálfu undirmanns ráðuneytisins og bað hann að gæta þess að slíkt ætti sér ekki stað.

Þvínæst gerði eg boð fyrir Mr. Lawson og bað hann að koma á skrifstofu mína og gerði hann það. Eg tjáði honum, að Páll Tryggvason hefði eftir Mr. Moe, að málið hefði stöðvast hjá Mr. Lawson eftir samtali hans við mig. Benti eg Mr. Lawson á, hversu óheppi- legur slíkur söguburður væri fyrir samband mitt við starfsmenn mína í ráðuneytinu.

Mr. Lawson sagði þegar í stað, að hann hefði ekkert sagt er gæfi tilefni til slíkrar umsagnar.

Kallaði ég þá á Pál Tryggvason og skrifstofu- stjóran og endurtók Páll þá frásögn sína, en Mr. Lawson sagði þegar í stað, að Mr. Moe hefði enga ástæðu haft til að skýra þannig frá málefninu. Hér væri eingöngu um að ræða málefni er Bandaríkjastjórn og þar með þeir starfsmenn er um þessi mál fjölluðu í Washington, tæki afstöðu til, og væri því með öllu rangt að blanda inn í þetta samtölum við mig eða aðra.

Eg endurtók það sem ég hefði áður sagt og bætti við, að Mr. Lawson hefði að vísu vikið að málinu við mig eftir samtali okkar, en ég þá sagt honum, að ég vildi engin frekari skipti hafa af málin og ekki

blanda mér í það. Staðfesti Mr. Lawson það og að svo mæltu hurfu þeir burtu, skrifstofustjórinn og Páll Tryggvason.

Eg sagði við Mr. Lawson, að ljóst væri að mér mundi verða kennt um ef ekkert yrði úr þessu boði. Væru það því tilmæli mín, að því yrði haldið áfram, ef það hefði einhver áhrif sem ég segði um það. Hinsvegar teldi ég að skrifstofa hans hefði á allan veg, þó að hann ætti þar enga sök, hegðað sér svo klaufalega í þessu máli sem mátti verða.

Mr. Lawson játaði það og lýsti yfir hryggð sinni yfir því, hversu mál þetta hefði farið þeim illa úr hendi.

Siðar hringdi Páll Tryggvason í mig og baðst afsökunar á því með hvaða hætti hann hefði tekið upp málið.

Reykjavík, 21. október 1952.